

Fimmtudaginn 29. október 1998.

Nr. 516/1997.

Eggert Bjarni Samúelsson

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Nýja kökuhúsinu ehf. og

Vátryggingafélagi Íslands hf. til réttargæslu

(Hákon Árnason hrl.,

Leó E. Löve hdl.)

Vinnuslys. Örorka. Skaðabætur. Sakarskipting. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 24. desember 1997 og krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 3.100.000 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 18. mars 1993 til 18. mars 1997, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar sér til handa fyrir Hæstarétti, en til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Réttargæslustefndi hefur ekki látið málið til sín taka.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit vitnaleiðslu, er fram fór fyrir Héraðsdómi Reykjaness 15. október 1998. Komu þá fyrir dóminn Jóhannes Felixson, sem var nemi í bakaraíðn hjá stefnda 2. febrúar 1988, þegar áfrýjandi varð fyrir slysi því, sem málið er sprottið af, og Magnús Smári Þorvaldsson, yfirbakari hjá stefnda á þessum tíma. Hjá hinum fyrrnefnda kom fram, að hann hafði eitt-hvað unnið við hreinsivél þá, sem áfrýjandi var að vinna við, þegar slysið varð. Minntist hann þess ekki, að sér hefði verið beinlínis bannað að hafa vélina í gangi, þegar hann var að hreinsa hana.

Hann kvað ýmis verkfæri hafa verið notuð við hreinsunina og nefndi í því sambandi sköfur eða kítisspaða, palletthnífa og tuskur, en tók það fram, að þær hefðu aldrei verið notaðar, þegar vélin var í gangi.

Magnús Smári Þorvaldsson kvaðst hafa átt að kenna áfrýjanda allt, sem við kom bakstri, en fyrstu árin séu menn nánast í öllum störfum, meðal annars í því að hreinsa og skafa plötur, og sé þá kennt á þær vélar, sem við það eru notaðar. Hann mundi ekki sérstaklega eftir því eftir öll þessi ár að hafa kennt áfrýjanda, hvernig ætti að vinna við umrædda vél, en taldi, að honum hefði verið sýnt það eins og öllum öðrum. Hann taldi, að áfrýjandi hefði margoft verið búinn að vinna við hreinsun vélarinnar, þegar slysið varð. Við þetta verk hafi aðallega verið notaður lítill handkústur og síðan stór hand- eða spartlskafa, og taldi hann palletthníf ekki vera rétta verkfærið til þessa verks.

II.

Í niðurstöðu héraðsdóms kemur fram, að dómariinn telur ekki ágreining um það með aðilum, hvernig slys áfrýjanda bar að. Í málavaxtalýsingu héraðsdóms segir, að áfrýjandi hafi haft vélina í gangi, þegar hann var að hreinsa valsa hennar með hníf. Hafi hnífurinn dregist inn í vélina og áfrýjandi þá ætlað að draga hann út, en án árangurs. Er hann ætlaði að sleppa hnífnum, festist vettlingur hans í skrúfu eða nagla á handfangi hnífsins, og drógust þá finger hans inn í valsinn. Ágreiningslaust er, að við verkið notaði áfrýjandi svokallaðan palletthníf. Tréhandfang var farið af honum, en eftir stóðu hnoð eða skrúfur, sem höfðu fest það við hnífinn. Héraðsdómari telur í niðurstöðu sinni, að aðalástæðan fyrir slysinu hafi verið sú, að áfrýjandi tók öryggishlífar af vélinni, gangsetti hana og fór síðan að hreinsa hana. Orsökina megi einnig rekja til þess, að áfrýjandi hafi notað hanska við verkið og hníf, sem hætt var við að festast í hönskunum. Héraðsdómari hafði skoðað vél af sömu gerð og slysið varð við, þar sem áfrýjandi hafði sýnt, hvernig hann stóð að verki.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins 19. maí 1988 segir, að orsök slyssins hafi verið sú, að vélin var höfð í gangi, á meðan unnið var við hreinsun hennar. Athugun þess á öryggisbúnaði vélarinnar á þess-

um tíma leiddi í ljós, að hann var í lagi. Liggur fyrir í málinu, að öryggisrofi var tengdur við lok ofan á vélinni, og átti ekki að vera unnt að gangsetja hana, eftir að lokið hafði verið tekið af. Áfrýjandi virðist hafa tekið lokið fyrst af og fjarlægt aðrar hlífðarplötur, en sett lokið síðan á aftur og gangsett vélina.

Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti lýsti lögmaður áfrýjanda slysinu með nokkuð öðrum hætti en áður lá fyrir. Kvað hann áfrýjanda hafa staðið fyrir aftan vélina, þar sem plötur komu út úr henni eftir hreinsun. Hafi hann verið að hreinsa valsana á þeirri hlið, en látið þá ganga aftur á bak, þannig, að þeir hafi dregið hnífinn til sín. Af hálfu stefnda var þessi lýsing ekki beinlínis vefengd, en á það bent, að við þessar aðstæður hefði það verið sérstaklega óvarlegt af áfrýjanda að láta valsana ganga öfugt, í stað þess að þeir snerust í átt til hans, eins og þeir gerðu venjulega, og hefði verkið verið honum hættulaust við þær aðstæður.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að nokkur vafi er á um það, hvernig áfrýjandi stóð að verki, þegar hann varð fyrir slysinu. Ágreiningslaust verður þó að telja, að höfuðorsök slyssins hafi verið sú, að áfrýjandi vann að því að hreinsa vélina, á meðan hún var í gangi, og að þannig hafi ekki átt að standa að verki. Áfrýjandi staðhæfir hins vegar, að hann hafi unnið verkið eins og fyrir honum hafi verið haft, og reisir bótakröfu sína á því, að stefndi beri ábyrgð á slysinu vegna skorts á leiðbeiningum og eftirliti. Mat á þessu mun ráða ágreiningi um bótaskyldu til lykta. Pykir málið liggja þannig fyrir, að þrátt fyrir ofangreindan annmarka megi við svo búið leggja á það efnisdóm.

III.

Slys áfrýjanda 2. febrúar 1988 var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins fyrr en rúmum þremur mánuðum síðar, 10. maí sama ár. Samkvæmt 2. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu-hætti og öryggi á vinnustöðum bar að tilkynna lögreglu og Vinnueftirliti ríkisins slysið innan sólarhrings. Mjög er til baka, að rannsókn fór ekki fram þá þegar, en hið alvarlega slys áfrýjanda gaf tilfni til rækilegrar rannsóknar á öllum atvikum að því. Ætla verður, að málið hefði þá legið mun ljósar fyrir en það gerir nú. Stefndi vanrækti þannig skyldur sínar.

IV.

Áfrýjandi heldur því fram, að hann hafi staðið að verki umrætt sinn eins og hann hafði oft áður gert, og hafi sér ekki verið gefnar leiðbeiningar eða fyrirmæli um að vinna það öðruvísi. Kvað hann yfirmenn bakarísins ekki hafa leiðbeint sér í þessum efnum og sagði, að piltur að nafni Rúnar, sem þarna hefði unnið, hefði kennt sér á vélina. Þá kvaðst hann oft hafa notað palletthníf við þetta verk.

Í skýrslu vinnueftirlitsins 19. maí 1988 er haft eftir Jóni Péturssyni, sem var bakameistari og yfirmaður í bakaríi stefnda, að starfsmönnum hafi verið uppálagt að hreinsa valsana á vélinni ofan frá, þegar hún væri opin og ekki í gangi. Þegar Jón kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins í héraði, áréttaði hann þetta. Hann sagði, að nota hefði átt bursta og svokallaða kíttissköfu við verkið. Verið geti, að menn hafi án sinnar vitneskju notað palletthníf til að kraka inn í vélina. Hann mundi ekki, hver hefði kennt áfrýjanda á vélarnar. Þegar hann var um það spurður, hvort hann vissi til þess, að vélin hefði verið hreinsuð með þeim hætti, sem áfrýjandi var talinn hafa viðhaft, svaraði hann því til, að hann gæti ekki „fullyrt það nákvæmlega“.

V.

Þegar umrætt slys varð, var áfrýjandi rúmlega sextán ára gamall nemandi hjá stefnda í bakaraiðn. Hafði hann starfað þar átta til níu mánuði. Skráður meistari hans var Birgir P. Jónsson, sem var framkvæmdastjóri stefnda. Hann hefur ekki gefið skýrslu í málinu.

Á stefnda hvíldu ríkar skyldur gagnvart áfrýjanda til fræðslu og eftirlits, einkum þegar litið er til ungs aldurs hans og stöðu sem iðnnema hjá stefnda. Ekki síst átti þetta við um vinnu við vélar, þar sem brýnt er, að unnið sé eftir ótvíræðum fyrirmælum. Þótt margnefnd hreinsivél hafi verið einföld að gerð, bauð hún upp á hættur, ef ekki var rétt að farið. Staðhæfingar áfrýjanda um, að hann hafi unnið að hreinsun vélarinnar með sama hætti og tíðkast hefði, hafa hlotið nokkurn stuðning í framburði vitnisins Jóhannesar Felixsonar, sem áður var greint frá. Eins og mál þetta liggur fyrir samkvæmt því, sem rakið hefur verið, verður að telja, að það, sem fært hefur verið fram af hálfu stefnda, nægi ekki til að hnekkja með öllu stað-

hæfingum áfrýjanda. Af málsgögnum þykir mega ráða, að á það hafi skort af hálfu stefnda, að fyrir lægju markviss fyriræli og leiðbeiningar til áfrýjanda um þessi efni. Þykir því verða að leggja á stefnda ábyrgð vegna slyssins.

Áfrýjandi hafði starfað fyrrgreindan tíma hjá stefnda, þegar slysið varð, og oft unnið umrætt verk. Verður að telja, að honum hafi mátt vera ljósar þær hættur, sem því fylgdu að standa að verki eins og hann gerði. Sýndi hann af sér verulegt gáleysi og verður óhjákvæmlega að bera sjálfur hluta tjóns síns. Þykir að öllu virtu eðlilegt, að hann beri helming tjónsins.

VI.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, urðu afleiðingar slyss áfrýjanda þær, að taka varð framan af löngutöng og baugfingri hægri handar hans. Stefán Bogason lækni mat varanlega örorku hans 10% 10. október 1988, og er ekki ágreiningur um það örorkumat. Endanleg kröfugerð áfrýjanda er reist á líkindaútreikningi Jóns E. Þorlákssonar tryggingafræðings á slysdagsverðmæti tekjutaps, en þar er reiknað út frá meðaltekjum iðnaðarmanna frá og með 26 ára aldri. Telur tryggingafræðingurinn tjón vegna varanlegrar örorku nema 2.659.200 krónum. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda áætlað hann 159.600 krónur. Krefst áfrýjandi þessara fjárhæða að frádreginni greiðslu úr slysatryggingu launþega vegna varanlegrar örorku, að fjárhæð 128.250 krónur, er hann fékk frá Samvinnutryggingum 26. október 1988, en að viðbættum miskabótum, að fjárhæð 409.450 krónur, samtals 3.100.000 krónur.

Með hliðsjón af skattfrelsi bóta vegna varanlegrar örorku og hag-ræði af eingreiðslu þykja þær hæfilega ákveðnar 1.900.000 krónur að teknu tilliti til fyrrnefndrar greiðslu Samvinnutrygginga. Ekki er ágreiningur um verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda. Miskabætur þykja hæfilega ákveðnar 200.000 krónur. Samtals verður tjón áfrýjanda því metið 2.259.600 krónur, og ber stefnda samkvæmt framan-sögðu að greiða honum helming þeirrar fjárhæðar, 1.129.800 krónur. Vextir verða dæmdir að kröfu áfrýjanda eins og í dómsorði greinir.

Rétt þykir, að stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæsta-rétti, sem renni í ríkissjóð. Ákvæði héraðsdóms um gjafsóknar-

kostnað er staðfest. Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Nýja kökuhúsið ehf., greiði áfrýjanda, Eggerti Bjarna Samúelssyni, 1.129.800 krónur með ársvöxtum sem hér segir: 0,9% frá 18. mars 1993 til 1. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. ágúst sama ár, 0,9% frá þeim degi til 1. nóvember sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. sama mánaðar, 0,5% frá þeim degi til 11. maí 1995, 0,6% frá þeim degi til 1. febrúar 1996, 0,9% frá þeim degi til 21. apríl sama ár, 0,8% frá þeim degi til 11. maí sama ár, 0,7% frá þeim degi til 1. október sama ár, 0,8% frá þeim degi til 21. janúar 1997, en 0,9% frá þeim degi til 18. mars sama ár. Frá þeim degi greiði stefndi dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 til greiðsludags.

Stefndi greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 400.000 krónur, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarákvæði héraðsdóms er staðfest. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns hans, 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 25. september 1997.

Mál þetta var þingfest 18. mars 1997 og tekið til dóms 11. september sl. Stefndi er Eggert Bjarni Samúelsson, kt. 250971-4519, Stýrimannastíg 13, Reykjavík, en stefndi Nýja kökuhúsið hf., kt. 510276-0199, Smiðjuvegi 26, Kópavogi. Vátryggingafélagi Íslands hf., Ármúla 5, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu.

Dómröfur eru þær, að stefndi greiði stefnanda 10.208.100 kr. með dráttarvöxtum skv. 7. gr. laga nr. 25/1985 frá 4. júní 1996 til 10. september 1996, en með vöxtum skv. 10. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist annarrar lægri fjárhæðar, en með 22% ársvöxtum frá 2. febrúar 1988, með 19% ársvöxtum frá 1. mars 1988, með 23% ársvöxtum frá 11. júní 1988, með 24% ársvöxtum frá 21. júní 1988, með 26% ársvöxtum frá 1. ágúst 1988, með 22% ársvöxtum frá 21. ágúst 1988, með 12% ársvöxtum frá 1. september 1988, með 9% ársvöxtum frá 11. október 1988, með 6% árs-

vöxtum frá 21. október 1988, með 4% ársvöxtum frá 1. desember 1988, með 6% ársvöxtum frá 21. janúar 1989, með 8% ársvöxtum frá 1. febrúar 1989, með 10% ársvöxtum frá 1. mars 1989, með 13% ársvöxtum frá 21. mars 1989, með 15% ársvöxtum frá 11. apríl 1989, með 17% ársvöxtum frá 11. júní 1989, með 12% ársvöxtum frá 21. júlí 1989, með 10% ársvöxtum frá 1. ágúst 1989, með 6% ársvöxtum frá 1. september 1989, með 8% ársvöxtum frá 21. september 1989, með 9% ársvöxtum frá 21. október 1989, með 11% ársvöxtum frá 1. nóvember 1989, með 9% ársvöxtum frá 1. janúar 1990, með 7% ársvöxtum frá 21. janúar 1990, með 5% ársvöxtum frá 1. mars 1990, með 3% ársvöxtum frá 1. apríl 1990, með 2,5% ársvöxtum frá 1. október 1990, með 3,5% ársvöxtum frá 1. janúar 1991, með 5% ársvöxtum frá 21. janúar 1991, með 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1991, með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1991, með 4% ársvöxtum frá 11. október 1991, með 3,75% ársvöxtum frá 1. nóvember 1991, með 3,5% ársvöxtum frá 21. nóvember 1991, með 3% ársvöxtum frá 1. desember 1991, með 2,5% ársvöxtum frá 1. febrúar 1992, með 2% ársvöxtum frá 11. febrúar 1992, með 1,25% ársvöxtum frá 21. mars 1992, með 1% ársvöxtum frá 1. maí 1992, með 1,25% ársvöxtum frá 11. ágúst 1993, með 0,5% ársvöxtum frá 11. nóvember 1993 og 0,65% ársvöxtum frá 1. júní 1995 til 4. júní 1996, en með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að vextir séu lagðir við höfuðstól, í aðalkröfu í fyrsta sinn 4. júní 1997, en í varakröfu við hver áramót, í fyrsta sinn 1. janúar 1989. Jafnframt er krafist málskostnaðar í héraði, eins og mál-ið væri ekki gjafsóknarmál.

Dómkröfur stefnda, Nýja kökuhússins hf., eru aðallega þær, að félagið verði sýknað af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, enda engar kröfur gerðar á hendur honum. Stefnandi hefur gjafsókn í málinu.

Málavextir.

Atvik máls eru þau, að 2. febrúar 1988 var stefnandi, þá sextán ára bakaranemi hjá stefnda, við vinnu sína. Var honum falið að hreinsa bókunarplötur í plötu-hreinsunarvél og að því búnu að hreinsa vélina. Hann hafði vélina í gangi, þegar hann var að hreinsa hana með hníf. Dróst þá hnífurinn inn í vélina. Hugðist stefnandi toga hnífinn út, en án árangurs. En er hann ætlaði að sleppa hnífnum, festist vettlingur hans í skrúfu eða nagla á handfangi hnífsins með þeim afleiðingum, að finger hans drógust inn í valsinn á vélinni. Mördust tveir finger hægri handar svo illa, að taka varð framan af þeim.

Nýja kökuhúsið hf. hætti starfsemi fyrir allnokkrum árum. Ekki er vitað, hvað varð um plötuhreinsunarvélina, sem stefnandi slasaðist á. Dómari, lögmenn og stefnandi skoðuðu sams konar vél í brauðgerð, og var sýnt, hvernig vélin vinnur og hvernig staðið er að hreinsun hennar. Stefnandi sýndi einnig viðstöddum, hvernig hann stóð að verki umrætt sinn, þegar hann var að hreinsa vélina.

Plötuhreinsunarvél af gerðinni Jeros er tiltölulega einföld smíð, ferhýrndur kassi á fótum. Vélbúnaður er og einfaldur. Að framanverðu er bökunarplötunni stungið inn í vélina milli tveggja sívalninga, valsa, sem eru rafknúnir og snúast allhratt, grípa plötuna og draga hana inn í vélina. Fyrir innan eru vírburstar, sem hreinsa plötuna, en vélin skilar plötunni út að aftanverðu, þar sem hún kemur út milli tveggja valsa. Þessa valsa að aftanverðu var stefnandi að hreinsa með vélina í gangi, þegar slysið varð. Öryggisbúnaður er í vélinni, sem verkar þannig, að þegar lok ofan á vélinni er opnað, slokknar sjálfkrafa á vélinni. Fyrir innan lokið eru þrjár öryggishlífar, ein yfir burstum, en tvær yfir völsum að framan og aftan. Þegar vélin er hreinsuð, eru þessar hlífar teknar af, og er þá auðvelt að komast að völs-um og burstum. Þannig er vélin hreinsuð með sérstökum sköfum og burstum og slökkt á henni á meðan.

Þegar stefnandi slasaðist, hafði hann opnað vélina, tekið burt hlífarnar frá völsunum, lokað vélinni aftur og gangsett. Þessar hlífar yfir völsunum eru hafðar lausar, til þess að auðveldara sé að komast að þeim við hreinsun. En þær eru einnig öryggishlífar, því að þær hylja valsana að mestu. Stefnandi var að hreinsa vélina að aftan með svokölluðum palletthníf, sem er eins konar spaði með þunnu blaði, líkastur pönnukökukhníf. Skaftið á hnífnum var farið af, en naglinn eða hnoðið stóð eftir og kræktist í vinnuvettling stefnanda, þegar valsarnir gripu hnífinn og stefnandi ætlaði að kippa að sér hendinni. Slysið hefur því orðið með þeim hætti, að stefnandi hefur sett hnífinn á milli valsanna, sem snúast allhratt, þegar vélin er í gangi. Stefnandi hafði starfað rúma níu mánuði hjá stefnda, þegar slysið varð. Hann segir, að piltur í brauðgerðinni hefði sýnt sér, að hreinsa ætti vélina með þessum hætti, og hefði hann nokkrum sinnum áður hreinsað vélina þannig. Stefnandi kveðst hafa unnið nokkra mánuði í bakaríinu eftir slysið, uns fyrirtækið var selt. Sér hefði boðist að komast á samning í annarri brauðgerð, en ekki haft lengur áhuga á bakaranámi. Hefði hann unnið ýmis störf síðan og væri nú næturvörður.

Jón Pétursson bakarameisteri var yfirmaður í Nýja kökuhúsinu. Hann sagði, að hann eða aðrir bakarameistarar hefðu ávallt leiðbeint nýju fólki við tæki og vélar. Vinnusvæðið hefði verið á um 150 m² gólfleti, og þar störfuðu 8–10 manns.

Vinnueftirliti ríkisins var tilkynnt um slysið 10. maí 1988. Í skýrslu þess segir, að vélin hafi verið skoðuð og öryggisbúnaður verið í lagi. Orsök slyssins sé sú, að vélin var höfð í gangi, meðan unnið var við hreinsun hennar. Þá er einnig í skýrslunni frásögn af því, hvernig slysið varð, og höfð eftir stefnanda á sínum tíma. Sú frásögn er í samræmi við framburð hans fyrir dómi.

Læknir mat stefnanda til örorku 10. október 1988, og var örorkan metin 100% frá slysdegi í sjö vikur, 50% eftir það í tvær vikur og 10% varanleg örorka. Fékk stefnandi greiddar samtals 132.831 kr. úr slysaftryggingu launþega 26. október 1988, en var synjað um frekari bætur.

Tryggingafræðingur reiknaði út bótafjárhæð 4. júní 1996. Miðaði hann annars vegar við, að tekjutap stefnanda væri reiknað sem mismunur meðaltekna iðnaðarmanna og verkamanna. Þannig reiknaði hann út, að höfuðstólsverðmæti tekjutaps væri 5.681.900 krónur á slysdegi og verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda 340.900 krónur. Miðað við höfuðstólsverðmæti á útreikningsdegi er niðurstaðan 8.208.100 krónur og töpuð lífeyrisréttindi 492.500 krónur.

Ef tjónið er reiknað út á hefðbundinn hátt, er niðurstaða tryggingafræðingsins þessi:

„Á 22. aldursári reikna ég með 52 vikna vinnu með 40 dagvinnustundum án orlofs og 467½ yfirvinnustund (10 stundir á viku í 46¾ vikur) á taxa Dagsbrúnar fyrir fiskvinnu (almennt fiskvinnslufólk eftir 3 ár) með 10,17% orlofi. Á 21. aldursári geri ég ráð fyrir 95% framangreindra tekna og lækkandi um 5% á ári niður í 75% á 17. aldursári. Frá og með 26. aldursári miða ég við meðaltekjur iðnaðarmanna, sem nú teljast vera 1.737.600 kr. á ári samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar. Hækkun tekna frá 22. til 26. aldursárs skipti ég jafnt á árin þar á milli.

Þegar gert er ráð fyrir, að á hverjum tíma tapist sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst slysdagsverðmæti tekjutaps:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	61.100
– varanlegrar örorku	„	2.659.200
Samtals	kr.	2.720.300

og töpuð lífeyrisréttindi 159.600 kr.

Verðmæti á útreikningsdegi er með þessum hætti:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	88.300
– varanlegrar örorku	„	3.841.500
Samtals	kr.	3.929.800

og töpuð lífeyrisréttindi 230.500 kr.“

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 4. júní 1996 notaðir vextir og vaxtavextir af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands, en eftir útreikningsdag 4,5% vextir.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður mál sitt þeim rökum, að ósannað sé, að stefnanda hafi verið kennt að umgangast og hreinsa plötuhreinsunarvélina á réttan hátt. Hann hafi aðeins verið sextán ára, er slysið varð, og því brýnt að kenna honum rétt handtök. Ólíklegt sé, að hann hafi tekið það upp hjá sjálfum sér að fjarlægja öryggishlífar og gangsetja síðan vélina. Þá beri einnig að líta til þess við sakarmat, að Vinnueftirliti ríkisins var ekki tilkynnt um slysið fyrr en rúmum þremur mánuðum síðar. Stefndi reisir málsókn á almennu skaðabótareglunni og reglum um ábyrgð vinnuveitanda.

Stefndi heldur því fram, að hann eða starfsmenn sínir eigi enga sök á slysinu, það megi einvörðungu rekja til stórkostlegs gáleysis stefnanda sjálfs. Stefnanda hafi verið uppálagt að hreinsa valsana ofan frá, þegar vélin væri ekki í gangi. Ósannað sé og rangt, að slysið megi rekja til skorts á leiðbeiningum, en um það hafi stefnandi sönnunarbyrði. Það hafi verið stórkostlegt gáleysi af stefnanda og orsök slyssins, að hann fór með verkfæri inn á milli valsa, meðan vélin var í gangi. Athugun vinnueftirlits hafi leitt í ljós, að öryggisbúnaður var í lagi.

Niðurstaða.

Eins og að framan er rakið, er plötuhreinsunarvél einfalt tæki og ekki ágreiningur um, með hvaða hætti slysið varð. Teikningar af vélinni hafa verið lagðar fram í málinu. Taldi dómari því ekki þörf á að kalla til sérfróða meðdómsmenn.

Telja verður, að aðalástæða fyrir slysinu hafi verið sú, að stefnandi tók af henni öryggishlífar, gangsetti hana og fór síðan að hreinsa hana. Orsök slyssins má einnig rekja til þess, að stefnandi notaði hanska við vinnu sína og hníf, sem hafði þann hættulega galla að geta fest í hönskunum.

Aðila greinir á um, hvort fullnægjandi leiðbeiningarskyldu hafi verið gætt gagnvart stefnanda, sem var aðeins sextán ára, þegar slysið varð. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi ekki fengið aðra leiðsögn en þá, sem einhver piltur veitti sér. Sá hefði kennt sér að vinna verkið með þessum hætti. Stefndi hefur mótmælt þessu og telur, að öllum nýliðum hafi verið kennt á vélar í bakaríinu. Rúm níu ár liðu frá slysinu og þar til mál þetta var þingfest. Telja verður, þegar svo langur tími líður, að sönnunarbyrðin leggist á þann, sem heldur því fram, að leiðbeiningum hafi verið áfátt. Sérstaklega á það við, þegar því er haldið fram, að það hafi viðgengist að fjarlægja ör-

yggishlífar og gangsetja síðan vélina. Gegn mótmælum stefnda verður því talið, að þessi staðhæfing sé ósönnuð.

Verður því talið, að slysið verði hvorki rakið til vanbúnaðar vélarinnar, skorts á öryggisbúnaði né til ófullnægjandi verkstjórnar, enda var starf það, sem stefnandi átti að vinna, einfalt og hættulaust, ef rétt var að verki staðið, þ. e. vélin ekki höfð í gangi, meðan hún var hreinsuð. Verður því ekki hjá því komist þrátt fyrir ungan aldur stefnanda, er slysið varð, að telja, að hann hafi átt alla sök á slysinu sjálfur. Af þessum sökum verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda, enda telst málið nægilega upplýst, þó að dráttur hafi orðið á að tilkynna vinnueftirlitinu um slysið. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur gjafsókn í málinu. Gjafsóknarlaun talsmanns stefnanda, Haralds Blöndals hrl., 240.000 krónur, þ. á m. kostnaður vegna örorku-tjónsútreiknings, greiðist úr ríkissjóði. Er þá ekki tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Nýja kökuhúsið hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Eggerts Bjarna Samúelssonar, í máli þessu. Málskostnaður fellur niður. Gjafsóknarlaun talsmanns stefnanda, Haralds Blöndals hrl., að fjárhæð 240.000 krónur, greiðast úr ríkissjóði.